

Miðvikudaginn 23. nóvember 1977.

Nr. 129/1976. M

(Hilmar Ingimundarson hrl.)  
gegn

K

(Örn Clausen hrl.).

Barnsfaðernismál.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 24. júní 1976. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en stefnda fékk gjafvarnarleyfi hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytis 28. febrúar 1977.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur, sem renni í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur.

Það athugast, að áfrýjandi er samkvæmt gögnum máls skráður í prestþjónustubók faðir barns þess, sem málið fjallar um, eftir einhliða skýrslu stefndu og að áfrýjanda forspurðum.

Um mál þetta hefur verið fjallað á bæjarþingi Reykjavíkur og á aukadómþingi Þingeyjarsýslu. Hefur orðið aðfinnsluverður dráttur á rekstri málsins.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Afrýjandi, M, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur, er renni í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður stefndu, K, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. mars 1976.

Ár 1976, fimmtudaginn 25. mars, er á bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 8/1976: K gegn M, sem tekið var til dóms 8. þ. m.

Sóknaraðili í máli þessu, K, . . . . , fædd 29. mars 1953, ól 26. desember 1972 meybarn, sem í skirninni hlaut nafnið B. Föður að barni þessu hefur hún lýst M, iðnnema, þá til heimilis . . . . hér í borg, fæddan 24. febrúar 1951 í Reykjavík, varnaraðilja málsins, sem ekki hefur við faðernið viljað kannast, og höfðaði sóknaraðili mál þetta á hendur honum á aukadómþingi Þingeyjarsýslu 26. október 1973.

Af hálfu sóknaraðilja eru þær kröfur gerðar í málinu:

- 1) Að varnaraðili verði dæmdur faðir stúlkunnar B.
- 2) Að varnaraðili greiði meðlag með barninu frá fæðingu til fullnaðs 17 ára aldurs.
- 3) Að varnaraðili greiði fæðingarstyrk samkvæmt 73. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971.

Til vara er krafist fyllingareiðs.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Varnaraðili hefur fyrir sitt leyti ekki viljað fallast á kröfu sóknaraðilja, að hann sé faðir stúlkunnar B.

Á aukadómþingi Þingeyjarsýslu, sem háð var á Húsavík 26. október 1973, skýrði sóknaraðili svo frá, að hún hafi kynnst varnaraðilja á dansleik í veitingahúsinu Klúbbnum hér í borg 18. mars 1972, er hún var þar stödd með bróður sínum, A, og vin konu sinni, D. Að dansleik loknum fóru málsaðiljar heim til varnaraðilja, sem bjó að . . . . Málsaðiljar fóru þar inn í herbergi og höfðu þar fullkomnar samfarir.

Sóknaraðili skýrði enn fremur svo frá, að hinn 24., 25. og 29.

mars og 3. apríl 1972 hefðu málsaðiljar haft samfarir heima hjá varnaraðilja. Sóknaraðili sagði samfarirnar hafa verið fullkomnar í öll skiptin. Ekki kvaðst sóknaraðili hafa haft samfarir við aðra karlmenn á getnaðartíma barnsins.

Að sögn sóknaraðilja hafði hún síðast á klæðum fyrir fæðingu barnsins 5. til 10. mars 1972, en áður hafði hún haft reglulegar tíðir. Hún sagði barnið hafa verið fullburða við fæðinguna.

Sóknaraðili kvaðst hafa tilkynnt varnaraðilja um haustið 1972, að hún væri ófrísk eftir hann, og hefði henni skilist á honum, að hann viðurkenndi faðernið, en eftir að barnið fæddist, hefði hann óskað eftir, að þau færu öll í blóðflokkanansókn. Þegar niðurstaða hennar lá fyrir, hefði hann samt ekki viljað gangast við barninu.

Á bæjarþingi Reykjavíkur 12. nóvember 1973 kvaðst varnaraðili, þá búsettur að . . . . . hér í borg, ekki vilja viðurkenna, að hann væri faðir dóttur sóknaraðilja, B. Hins vegar viðurkenndi hann að hafa haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barnsins, en taldi sig geta sýnt fram á, að sóknaraðili hefði verið með fleiri karlmönnum á þessum tíma.

Varnaraðili kvaðst ekki muna, hvenær hann kynntist sóknaraðilja, en það hefði verið í veitingahúsinu Klúbbnum og vel mætti vera, að það hefði verið 18. mars 1972. Varnaraðili kvaðst hafa haft samfarir við sóknaraðilja heima hjá sér að . . . . ., eftir að áðurgreindum dansleik lauk í Klúbbnum. Einnig kvaðst varnaraðili hafa haft samfarir við stúlkuna í 2—3 skipti á næstu tveim vikum og síðan ekki söguna meir.

Er varnaraðili var spurður um, hvað hann hefði fyrir sér í því, að sóknaraðili hefði haft samfarir við fleiri en hann á getnaðartíma barnsins, upplýsti hann, að E, sem hefði verið sambýliskona hans frá 20. apríl 1973, hefði hitt hann inni í Klúbb, skömmu eftir að varnaraðili hafði síðast samfarir við sóknaraðilja, eða viku til hálfum mánuði seinna. Þá þekktust E og varnaraðili lítið. E sagði honum, að hún hefði skömmu áður hitt sóknaraðilja í fylgd með einhverjum pilti, og sagði sóknaraðili E, að hún hefði haft samfarir við 6—7 stráka, eftir að hún var með varnaraðilja og mætti E ekki upplýsa varnaraðilja um það. Varnaraðili taldi E og sóknaraðilja hafa þekkt lítið á þessum tíma. Ekki gat varnaraðili bent á neinn annan en E sem heimildarmann að mökum sóknaraðilja við aðra karlmenn.

Varnaraðili kvaðst ekki hafa séð dóttur sóknaraðilja, en 7 mánuðum eftir að málsaðiljar voru saman, hringdi sóknaraðili í varn-

araðilja og tjáði honum, að hún væri barnshafandi, komin 7 mánuði á leið, og væri hann faðirinn.

Að lokum var varnaraðilja lesinn framburður sóknaraðilja um kynni þeirra, og kvaðst varnaraðili ekki gera neinar sérstakar at hugasemdir við þann framburð, þar sem hann myndi málavexti ekki svo glögglega.

8. maí 1974 kom fyrir dóminn E, gullsmiður, . . . ., fædd 25. janúar 1951 í Reykjavík. Eftir að hún hafði verið áminnt um sannsögli, var hún spurð, hvort hún hefði einhverja vitneskju um, að sóknaraðili hefði haft samfarir við fleiri en varnaraðilja á hugsanlegum getnaðartíma barnsins B. E kvaðst ekki hafa aðra vitneskju um það en frá sóknaraðilja sjálfum í einu samtali við hana, en þær hittust í veitingahúsinu Klúbbnum. Þá var sóknaraðili eitthvað undir áhrifum áfengis og var enginn áheyrandi að samtali þeirra. Spurði sóknaraðili E, hvort hún hefði séð varnaraðilja. E kvað svo ekki vera. Þá sagðist sóknaraðili hafa verið með einum 7 strákum, án þess að varnaraðili vissi af því, og bað E að segja varnaraðilja ekki frá því. Ekki tiltók sóknaraðili, á hvaða tímum hún hefði verið með þessum piltum. Síðan gengu þær upp á efri hæð veitingahússins, þar sem sóknaraðili kvaðst hafa borð. Þar gekk sóknaraðili að einu borðinu og settist í kjöltu á einhverjum pilti þar. Er þetta samtál átti sér stað, voru E og varnaraðili kunnug í gegnum sameiginlegan kunningjahóp, án þess að nokkuð væri á milli þeirra, en sóknaraðilja kannaðist vitnið aðeins við þannig, að hún hafði hitt hana með varnaraðilja í sameiginlegum kunningjahópi einu sinni áður. Í það heila hitti E sóknaraðilja ekki nema í 3—4 skipti.

E skýrði svo frá á bæjarþinginu, að hún og varnaraðili hefðu opinberað trúlofun sína 20. apríl 1973 og tekið upp sambúð um svipað leyti.

Með bréfi dómarans, dagsettu 4. júní 1974, til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu óskaði hann eftir, að frekari dómsskýrsla yrði tekin af sóknaraðilja á grundvelli þess, sem fram hefði komið í málinu hér syðra.

14. september 1974 kom sóknaraðili á ný fyrir dóm á Húsavík. Eftir að henni hafði verið kynntur framburður varnaraðilja, mótmælti hún því algerlega að hafa haft samfarir við aðra karlmenn en varnaraðilja á hugsanlegum getnaðartíma barnsins. Síðan var henni kynntur framburður E. Þá kvaðst sóknaraðili muna eftir að hafa hitt E í Klúbbnum, en kvaðst ekki muna eftir því að hafa haft orð á, að hún „hefði verið með sjö öðrum strákum, án þess

að M vissi af því“, a. m. k. fullyrti sóknaraðili, að hún hefði ekki sagst hafa haft samfarir við aðra menn en M. Greint sinn kvaðst sóknaraðili hafa verið með kunningjafólki sínu í Klúbbnum og vera kunnir, að hún hafi sest í kjöltu pilts, sem sat við borðið, enda minnti hana, að þröngt hefði verið við þetta borð. Sóknaraðili kvaðst aldrei hafa haft samfarir við þennan pilt.

Á bæjarþingi Reykjavíkur 3. desember 1974 óskaði Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, sem varnaraðili var þá búinn að ráða sér sem umboðsmann í málinu, að eftirfarandi atriði yrðu rannsökuð, áður en málið yrði flutt:

1. Sóknaraðili yrði spurð um, hvenær hún hefði haft samfarir við aðra karlmenn síðast áður og fyrst eftir að hún hafði samfarir við varnaraðilja.

2. Upplýst yrði, hvort barnið hefði verið fullburða við fæðingu, hver hefði verið þyngd þess og stærð, með vottorði frá viðkomandi fæðingarheimili eða ljósmóður.

3. Aflað yrði vottorðs sérfræðings um hugsanlegan getnaðar tíma barnsins.

Dómarinn sendi málið enn norður á Húsavík með bréfi til sýslumanns Þingeyjarsýslu 11. desember 1974 með ósk um frekari rannsókn.

19. desember sl. kom sóknaraðili enn fyrir aukadómping Þingeyjarsýslu. Sóknaraðili kvaðst hafa haft síðast samfarir við aðra karlmenn, áður en hún hafði samfarirnar við varnaraðilja, í nóvember 1971 við strák úr Hafnarfirði, sem hún hitti á dansleik í Þórscfé í Reykjavík. Þá kvaðst sóknaraðili hafa haft fyrst samfarir við aðra karlmenn, eftir að hafa haft samfarirnar við varnaraðilja, 20. júní 1972 við F frá . . . . , með heimilisfang á Sauðárkróki, er þinghaldið var háð.

Blóðflokkarannsókn fór fram á málsaðiljum og barninu, og varð niðurstaða hennar sem hér greinir:

	ABO	MNSs	Rh				Kell Fy P <sub>1</sub> Hp						
			C	D	E	c	e	Cw	K	k	a	b	
K . . . . , f. 29/3 1953	A <sub>1</sub>	Mss	+	+	-	-	+	-	-	+	+	2-2	
B, s. st., f. 26/12 1972	A <sub>1</sub>	MNss	+	+	-	-	+	-	-	+	+	2-1	
M . . . . , Reykjavík, f. 24/2 1951	O	Nss	+	+	-	-	+	-	+	+	-	+	1-1

Samkvæmt álitserð Ólafs Bjarnasonar prófessors, dr. med., frá 16. apríl 1973 samræmist niðurstaða blóðflokkarannsóknar þessarar því, að varnaraðili geti verið faðir barns sóknaraðilja.

Álitserð borgarlæknis, dagsett 9. janúar f. á., um hugsanlegan getnaðartíma barnsins er svohljóðandi:

„Þér hafið, herra sakadómari, með bréfi dags. 25. nóvember sl., óskað álitserðar minnar um líklegastan getnaðartíma barns þess, sem barnsfaðernismálið: K gegn M er risið af.

Af ljósriti fæðingartilkygningar, sem aflað var frá sjúkrahúsi Húsavíkur, dagsett 27. desember 1972, má ráða, að barnið hafi verið fullburða, er það fæddist. Meðal meðgöngutími fullburða barns er talinn vera 271 dagar, með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestar líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 19. mars til 10. apríl 1972.

Sé höfð hliðsjón af þyngd barnsins og lengd við fæðingu, getur það samkvæmt dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 12. febrúar til 20. apríl 1972. Samkvæmt sömu töflum eru 792% líkur til, að barnið sé getið á tímabilinu 17. mars til 10. apríl 1972“.

Einnig hefur verið lagt fram í málinu vottorð Árna Ársælssonar, yfirlæknis við heilsugæslustöðina á Húsavík, dagsett 1. janúar sl., og er það svohljóðandi:

„Samkvæmt ósk yðar, herra sýslumaður, er í dag gefið eftirfarandi vottorð varðandi barnsfaðernismál K . . . . gegn M . . . ., Reykjavík, og er stuðst við mæðraskrá K ásamt sjúkradagbók hennar í Sjúkrahúsi Húsavíkur.

K . . . . fæddi þann 26/12 1972 lifandi stúlku eftir tíðindalaus meðgöngu. Þyngd barnsins var 3070 gr. og lengd 50 cm. Barnið var þannig fullburða við fæðingu.

Samkvæmt mæðraskránni hafði K haft tíðablæðingar með reglub. millibili og tíðabil 28—30 dagar. Seinustu tíðir voru þann 10/3 1972. Ekki er hægt að segja með neinni nákvæmni, hvenær getnaður hafi átt sér stað, en samkvæmt þessum upplýsingum tel ég líklegast, að það hafi skeð einhvern tíman milli 17/3 1972 og 1/4 1972, og er þá reiknað með konceptionsoptimum þann 24/3 1972 plús mínus 7 dagar.“

Þar sem varnaraðili hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma framangreinds barns hennar, og þar sem hvorki er komið fram í máli þessu, að hún hafi haft samfarir við aðra karlmenn á þessu tímabili né slíkt líklegt, ber að taka kröfur hennar til greina og dæma varnaraðilja föður að barninu,

sbr. 212. gr. laga nr. 85/1936, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs og fjárhæð samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, hvort tveggja samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Þá ber að dæma varnaraðilja til greiðslu málskostnaðar. Úr ríkissjóði hafa þegar verið greiddar kr. 8.335 vegna máls þessa. Enn fremur verður greidd úr ríkissjóði þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmans, kr. 15.000. Ber samkvæmt þessu að dæma varnaraðilja til að greiða kr. 23.335 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

D ó m s o r ð :

Varnaraðili, M, skal teljast faðir óskilgetins meybarns, sem sóknaraðili, K, ól 26. desember 1972 og skírt var B, og greiða með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs og fjárhæð samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, hvort tveggja samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Þá greiði varnaraðili málskostnað, kr. 23.335, til ríkissjóðs, og er þar innifalin málflytninguþóknun talsmanns sóknaraðilja, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmans, að fjárhæð kr. 15.000.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1977.

Nr. 177/1976. **M**

(Agnar Gústafsson hrl.)  
gegn

**K**

(Örn Clausen hrl.).

Barnsfaðernismál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björns Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. sept-